

54.
11. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 24 31. maí 1927, um rannsókn banameina og kennslu í meina- og líffærafræði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Orðin „sem ríkið rekur“ í lagagr. falli burt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Skúli Guðmundsson.

55
11. júní

L Ö G

um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Lög nr. 47 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum, lög nr. 5 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, með þeim breytingum, sem leiðir af lögum nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll, lögum nr. 132 31. des. 1935 og lögum nr. 6 6. jan. 1938, um breyting á þeim lögum, svo og lög nr. 11 2. júní 1933, lög nr. 132 31. des. 1935 og lög nr. 6 6. jan. 1938, skulu gilda til ársloka 1939.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.